

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Andrésí Inga Jónssyni um þvingaða lyfjagjöf við brottvísanir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Á hvaða lagaheimild byggist þvinguð lyfjagjöf við handtöku umsækjanda um alþjóðlega vernd, sem undanfari flutnings úr landi í fylgd, sbr. svar á þingskjali 411 á yfirstandandi þingi, og hvaða verklag gildir um þá framkvæmd?*
2. *Hversu oft hefur slíkri þvingaðri lyfjagjöf verið beitt á hverju ári undanfarin fimm ár og í hve mörgum tilvikum hefur einstaklingur enn verið undir áhrifum þeirra lyfja þegar brottvísun er framkvæmd?*
3. *Hver ákveður að beita skuli þvingaðri lyfjagjöf, hver framkvæmir hana og hver ber ábyrgð á að meta hvort lagaskilyrði séu uppfyllt?*

Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðisstofnunum og heilsugæslum, þ.m.t. læknum hér-
aðsvaktar, hefur heilbrigðisstarfsfólk sem þar starfar ekki komið að þvingaðri lyfjagjöf við
brottvísanir.